

— Heldurðu að þú komist ná einn, Pédur? Þekkirðu gostjörni-ina? Við erum á Fornastíg. Nú hlýtur þú að rata út á Brúarstræti.

Gremjan, sem fæuk í Pétur við félagana sinn fylti hann nýjum kröftum um stund. Hann vildi helst losast við fylginaut sinn, þegar hann varð þess var, að hann gat komist af án hans. Aleinn staulaðist hann því áleiðis.

V.

Aleinn — enn órólegri en hann hafði nokkru sinni áður verið. Honum fanst alt á kviki og ókyrð innra með sér. Hann hlaut að vera verulega veikur, því hann var hræddur við alt og alla, mennina, sem mættu honum, búðarljóskerin, strætisljósastaurana, sem alt af urðu á vegi hans með svo argvítuglega jöfnu millibili. Pétur var eins hræddur við hvern einstakan staur, eins og væru það jafnmargir grimmir hundar er lægju í vegi fyrir honum, reiðubúnir að fljúga á hann.

— Nei, menn skyldu aldrei fara til slíkra náunga, sem ekki eru reglulegir prestar. Eins og hann líka talar til fólksins svinið að tarna. Krúsberg er þó sannarlega ekki betur kristinn en eg, og hann á hvorki konu né börn, og þarf ekki um aðra að hugsa en sjálfan sig. Það er líklegast loftið í þessum lága sal. og af því að bakfjölin vantaði á þekkinna. og af því að.

Pétur gat ekki grufað upp fleiri ástæður hugsunum sínum til stuðnings. Þegar hann var búinn að endurtaka þær og rifja upp a ýmsa vegu aftur og aftur, tók hann að reka út á haf ótta og skelfingar. Hann stundi og blés mæðilega. Að síðustu rak hann upp hljóð, um leið og hann rak öxlina í ljósersstaur. Þarna kom strætisvagn. Átti hann að reyna Nei, slíkt náði ekki nokkurri átt. Því þegar aðrir eins menn og þessi utanveltu prestur gátu fengið af sér að húðskamma fólk fyrir að vilja spara lyfsalareikninginn. og af því að menn héldu, að vinið kryddmangarans væri eins gott og vín-salans hvað myndi hann þá segja, ef menn í fyrsta sinni á æf-inni tækju til að ferðast með þessum ófétisvögnum? Æ, æ, æjá! eg vil helst ekki koma heim! O, guð minn góður! Eg þori það ekki! Það hefir víst eitthvað sjóðandi vitlaust komið fyrir. Kannske eg ætti að fara inn í Hólma-kirkjuna? Þar er ljós. Nei, nei. eg þori víst aldrei að fara í kirkju frammar.

Pétur drógst áfram yfir Knipi-ingabrúna eins þunglamalega eins og honum hefði verið beitt fyrir háfermdan dráttarvagn. Vindurinn gnauðaði um eyrun á honum og snjóflyksrannar gáfu honum ó-nota löðruna hvað eftir annað.

— O-já, eg skal gefa Pálinu tíu króna pening. Nei, það er þá langt of vitlaust. Eg skal gefa henni sænskan fimm króna seðil —